



Staðarreglur fyrir Leirdalsvöll - Meistaramót GKG 2025 -

Vallarmörk og út af (Regla 2.1):

Vallarmörk eru girðingar umhverfis völlinn og hvítar stíkur.

Íþróttamiðstöðin og svalir hennar eru út af.

Neðra torg við íþróttamiðstöð sem afmarkast af hvítum stikum og kantsteini við malbik er út af.

Við leik á **15. holi** og **16. holi** er svæðið vinstra megin við holuna út af. Þessi vallarmörk eru skilgreind af hvítum stikum. Stíkurarnar eru vallarmarkahlutir við leik á 15. og 16. holi. Á öðrum holum eru stíkurarnar óhreyfanlegar hindranir.

Við leik á **5. holi** er svæðið hægra megin út af. Þessi vallarmörk eru skilgreind af sláttulínu 12. brautar sem nær liggur 5.holi. Ef bolti liggur á snöggslegnu svæði 12. brautar, eða handan þess, við leik um 5.holi er boltinn út af.

Við leik á **12. holi** er svæðið hægra megin út af. Þessi vallarmörk eru skilgreind af sláttulínu 5. brautar sem nær liggur 12.holi. Ef bolti liggur á snöggslegnu svæði 5. brautar, eða handan þess, við leik um 12.holi er boltinn út af.

Óhreyfanlegar hindranir

Allar stíkur sem lýsa fjarlægð frá holi (*fjarlægðarstíkur*) á vellinum, stög og staurar til stuðnings trjáum í ræktun og steinar við teiga með áföstum upplýsingaskiltum eru óhreyfanlegar hindranir sem lausn er veitt frá samkvæmt reglu 16.1 (*Óeðlilegar vallaraðstæður - þar á meðal óhreyfanlegar hindranir*). Engin lausn fæst samkvæmt reglu 15.2 (*Hreyfanlegar hindranir*).

Víti fyrir að leika bolta af röngum stað í bága við staðarregluna: Almenn víti samkvæmt reglu 14.7a.

Óhreyfanlegar hindranir nærri flöt - vökvunarbúnaður

Veitt er lausn frá truflun vegna *vökvunarbúnaðar* samkvæmt reglu 16.1.

Leikmaðurinn hefur einnig eftirfarandi viðbótarmöguleika við að taka lausn þegar slíkar óhreyfanlegar hindranir eru nærri flötinni og í leiklínunni:

- Bolti á almenna svæðinu. Leikmaðurinn má taka lausn samkvæmt reglu 16.1b ef óhreyfanleg hindrun er:
 - Bæði innan tveggja kyflulengda frá flötinni og
 - Innan tveggja kyflulengda frá boltanum.

Undantekning - Engin lausn ef leiklinan er greinilega óraunsæ. Engin lausn er veitt samkvæmt þessari staðarreglu ef leikmaðurinn velur leiklínu sem er greinilega óraunsæ.

Víti fyrir að leika bolta af röngum stað í bága við staðarregluna: Almennt víti samkvæmt reglu 14.7a

Samskeyti skorinna grasþakna

Ef bolti leikmanns liggur í eða snertir samskeyti grastorfa og samskeytin trufla fyrirhugað sveiflusvið leikmannsins:

(a) Bolti á almenna svæðinu. Leikmaðurinn má taka lausn samkvæmt reglu 16.1b. (*Lausn frá óeðlilegum vallaraðstæðum - lausn vegna bolta á almenna svæðinu*).

(b) Bolti á flötinni. Leikmaðurinn má taka lausn samkvæmt reglu 16.1d (*Lausn frá óeðlilegum vallaraðstæðum - lausn vegna bolta á flötinni*).

Þó er truflun ekki fyrir hendi ef samskeytin trufla einungis stöðu leikmannsins.

Öll samskeyti innan sama svæðis tyrningar teljast sömu samskeytin þegar lausn er tekin. Þetta merkir að ef leikmaður hefur truflun frá einhverjum samskeytum eftir að hafa látið boltann falla verður leikmaðurinn að fara að eins og fram kemur í reglu 14.3c(2), jafnvel þótt boltinn liggi innan einnar kyflulengdar frá viðmiðunarstaðnum.

Víti fyrir að leika bolta af röngum stað í bága við staðarregluna: Almennt víti samkvæmt reglu 14.7a.

Bætt lega á snöggslegnu svæði á almenna svæðinu:

Þegar bolti leikmanns liggur innan almenna svæðisins og þar sem gras er slegið í brautarhæð eða neðar, má leikmaðurinn taka vítalausa lausn einu sinni áður en högg er slegið, með því að leggja upphaflega boltann eða annan bolta innan þessa lausnarsvæðis og leika honum þaðan.

- Viðmiðunarstaður: Staðurinn þar sem boltinn liggur (sjá reglu 14.1)
- Stærð lausnarsvæðis, mæld frá viðmiðunarstað: Ein kyflulengd frá viðmiðunarstað, en með eftirfarandi takmörkunum:
- Takmörk á staðsetningu lausnarsvæðis
 - Það má ekki vera nær holunni en viðmiðunarstaðurinn, og
 - Það verður að vera á almenna svæðinu.

Þegar farið er eftir þessari staðarreglu verður leikmaðurinn að velja stað til að leggja boltann og fara eftir aðferðum við að leggja bolta aftur samkvæmt reglu 14.2b(2) og 14.2e.

Víti fyrir að leika bolta á röngum stað í bága við staðarregluna: Almennt víti samkvæmt reglu 14.7a.

Bætt lega á flöt:

Þegar bolti leikmanns liggur á flötinni, má leikmaðurinn taka vítalausa lausn einu sinni áður en högg er slegið, með því að leggja upphaflega boltann eða annan bolta innan þessa lausnarsvæðis og leika honum þaðan.

- Viðmiðunarstaður: Staðurinn þar sem boltinn liggur (sjá reglu 14.1)
- Stærð lausnarsvæðis, mæld frá viðmiðunarstað: Einn þúttershaus frá viðmiðunarstað, en með eftirfarandi takmörkunum:
- Takmörk á staðsetningu lausnarsvæðis
 - Það má ekki vera nær holunni en viðmiðunarstaðurinn, og
 - Það verður að vera á flötinni.

Þegar farið er eftir þessari staðarreglu verður leikmaðurinn að velja stað til að leggja boltann og fara eftir aðferðum við að leggja bolta aftur samkvæmt reglu 14.2b(2) og 14.2e.

Víti fyrir að leika bolta á röngum stað í bága við staðarregluna: Almennt víti samkvæmt reglu 14.7a.

Fallreitir á 15. holi:

Ef bolti er innan vítasvæðis við leik á 15. holi, þar á meðal þegar það er vítað eða nánast öruggt að bolti sem ekki hefur fundist stöðvaðist innan vítasvæðisins, má leikmaðurinn taka aðra af eftirfarandi lausnum, gegn einu vítahöggi.

- Taka lausn samkvæmt reglu 17.1 (*Möguleikar vegna bolta þins innan vítasvæðis*)
- Sem viðbótar möguleika, láta upphaflega boltann eða annan bolta falla innan fallreitsins sem staðsettur er fyrir fram fremri teiga 15.holi, afmarkaður með málningu og merktur „FR“ eða „Fallreitir“. Fallreitirinn er lausnarsvæði samkvæmt reglu 14.3 (*M.a. Að láta falla innan lausnarsvæðis*)

Víti fyrir að leika bolta af röngum stað í bága við staðarregluna: Almennt víti samkvæmt reglu 14.7a.

Leikhraði og truflun:

Leikmaður og kyfluberi hans skulu tryggja að rafeindateki, svo sem GSM símar, sem þeir nota valdi ekki truflun á leik. Hér er átt við bæði hljóð (hringingar) og tafir á leik (símtöl) (regla 1.2). Sjá nánar um leikhraða í „Staðarreglur um leikhraða Meistaramóts GKG 2024“.

Víti fyrir brot á staðarreglu: Almennt víti (*Höggleikur - tvö högg, Holukeppni – holutap*)

Að öðru leyti skal leika eftir reglum “Rules of golf as approved by R&A Rules Limited and The United states Golf Association”.